

Ed.

628. Breytingartillögur

[266. mál]

við frv. til l. um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

Frá Ragnari Arnalds og Geir Gunnarssyni.

1. a. Við 1. gr. Greinin falli niður.
- b. Á eftir 9. gr. komi ný grein er verði 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum:

Félög og einstaklingar, sem hafa skattskyldan rekstur með höndum, skulu við álagningu skatta fyrir skattárið 1975 greiða sérstakan 6% skatt er miðaður sé við hreinar rekstrartekjur, áður en fyrningar skv. 15. gr. og varasjóðsframlög skv. 17. gr. 2. mgr. hafa verið dregin frá.

Nú hefur notkun fyrningaheimilda samkvæmt 15. gr. lækkað skattgjaldstekjur við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1975 um lægri fjárhæð en 200 þús. kr., og skal þá skatturinn lækkaður um helming, en falla niður, ef nefnd fjárhæð er lægri en 100 þús. kr.
2. Við 6. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Álagningu í heildsölu og smásölu má ekki hækka að krónutölu vegna hækkunar vörugjalds skv. 1. gr.